

Helga Jóna Jónasdóttir - VG

From: Sverrir Aðalsteinn Jónsson <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>
Sent: miðvikudagur, 11. ágúst 2021 12:53
To: Helga Jóna Jónasdóttir - VG
Cc: Þórdís Björt Sigþórsdóttir; Axel Benediktsson
Subject: RE: VEGNA: Vegagerðin óskar eftir umsögn Umhverfisstofnunar

Sæl Helga.

Umhverfisstofnun lögbundinn umsagnaraðili við gerð frummatsskýrslu framkvæmdaraðila, skv. 2. mgr. 68. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þá er Umhverfisstofnun lögbundinn umsagnaraðili þegar stofnunin er leyfisveitandi, svo sem samkvæmt 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Með hliðsjón af framangreindum ákvæðum mun stofnunin ekki veita umsögn.

Umhverfisstofnun bendir á að Skipulagsstofnun er lögboðið stjórnvald varðandi mat á umhverfisáhrfum og bendum við á að leita til hennar varðandi mat á því hvort núgildandi mat á umhverfisáhrfum sé fullnægjandi.

Bestu kveðjur, Best regards

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Sviðsstjóri
Svið friðlýsinga og starfsleyfa



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: <http://www.ust.is>

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: <http://www.ust.is/disclaimer>

From: Helga Jóna Jónasdóttir - VG <helga.j.jonasdottir@vegagerdin.is>
Sent: Monday, August 9, 2021 12:11:11 PM
To: Umhverfisstofnun (ust@ust.is) <ust@ust.is>; Þórdís Björt Sigþórsdóttir <thordis.sigthorsdottir@umhverfisstofnun.is>
Cc: Ólafur Thorlacius Árnason - VG <olafur.t.arnason@vegagerdin.is>; Gísli Gíslason - VG <gisli.gislason@vegagerdin.is>
Subject: FW: Vegagerðin óskar eftir umsögn Umhverfisstofnunar

Góðan dag.

Ég ítreka hér erindi sem sent var á Umhverfisstofnun 6. júlí sl. en engin svör hafa borist við. Vegagerðin óskar eftir umsögn Umhverfisstofnunar um framkvæmdir við hliðarvegi í Lækjarbotnum (sunnan Suðurlandsveg) sem ekki eru sýndir í matsskýrslu frá 2009 en koma fram á meðfylgjandi yfirlitsmyndum.

Bestu kveðjur,

Helga Jóna Jónasdóttir

Verkefnastjóri
Framkvæmdadeild

hjj@vegagerdin.is

+354 842 4701

+354 522 1087

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

From: Helga Jóna Jónasdóttir - VG
Sent: þriðjudagur, 6. júlí 2021 16:51

To: ust@ust.is

Cc: Gísli Gíslason - VG <gisli.gislason@vegagerdin.is>; Ólafur Thorlacius Árnason - VG <olafur.t.arnason@vegagerdin.is>; Birkir Hrafn Jóakimsson - VG <birkir.h.joakimsson@vegagerdin.is>

Subject: Vegagerðin óskar eftir umsögn Umhverfisstofnunar

Góðan dag.

Vegagerðin vinnur nú að áframhaldandi breikkun Suðurlandsvegar á milli Reykjavíkur og Hveragerðis. Frá því að framkvæmdin var kynnt í frumdrögum árið 2009 (með viðbótum frá 2012) hefur Vegagerðin unnið að tvöföldun vegarins með tilheyrandi vegamótum, hliðar- og tengivegum í því augnamiði að bæta samgöngur og auka öryggi vegfarenda á svæðinu.

Árið 2009 var unnin skýrsla vegna mats á umhverfisáhrifum af framkvæmdinni. Matsskýrsluna má nálgast hér:

[https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Sudurlandsvegur-HolmsaHveragerdi-Matssk/\\$file/Su%C3%B0urlandsvegur-H%C3%B3lms%C3%A1Hverager%C3%B0i-Matssk.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Sudurlandsvegur-HolmsaHveragerdi-Matssk/$file/Su%C3%B0urlandsvegur-H%C3%B3lms%C3%A1Hverager%C3%B0i-Matssk.pdf)

Nú er komið að u.þ.b. 5 km kafla á milli Fossvalla og Hólmsár (sjá yfirlitsmyndir í viðhengi). Kaflinn er að mestu leyti í landi Kópavogsbæjar og Mosfellsbæjar og liggur m.a. um þjóðlendu og vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

- Vegagerðin hefur sótt um starfsleyfi vegna framkvæmda á vatnsverndarsvæðinu til Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs. Skv. Páli Stefánssyni hjá HHGK verður starfsleyfið afgreitt á grundvelli meðfylgjandi áhættumats.
- Forsætisráðuneytið hefur fallist á fyrirhugaða landnýtingu innan þjóðlendunnar með því skilyrði að framkvæmdaleyfi liggi fyrir við upphaf framkvæmda (sjá svarbréf í viðhengi).
- Mosfellsbær hefur fallist á að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdinni (sbr. Rafrænt svarbréf skipulagsnefndar í viðhengi).

Kópavogsbær hefur líka fallist á að gefa út leyfi fyrir framkvæmdinni ef frá eru taldir hliðarvegir sunnan núverandi Suðurlandsvegar í Lækjarbotnum. Þessir vegir voru ekki sýndir í matsskýrslunni árið 2009 en þjóna þeim tilgangi að bæta aðgengi að Waldorfsskólanum, sem að öðrum kosti myndi takmarkast við hægri beygjur með tilheyrandi viðbótarkrók fyrir þá sem þurfa að komast til vinstri. Kópavogsbær hefur óskað eftir uppfærðu umhverfismati og umsögn Umhverfisstofnunar um veginn með hliðsjón af trjáæktarsvæði og votlendi við Tröllabörn og Túnhól. Í matsskýrslunni frá 2009 er fjallað um gróðurfar, jarðmyndanir og fornleifar á svæðinu. Við hönnun veglínu hliðarvegarins var sneitt hjá þeim friðlýstu og vernduðu svæðum í Lækjarbotnum sem fjallað er um í matsskýrslunni og fornleifakönnun vegna framkvæmdanna.

Telur Umhverfisstofnun þörf á uppfærðu umhverfismati vegna hliðarveganna eða getur stofnunin fallist á að núverandi umhverfismat nægi til þess að gefa jákvæða umsögn um framkvæmdina?

Hér er hlekkur á fornleifakönnun vegna framkvæmdanna:

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/639/HomsaHveragerdi01%20Fornleifar.pdf>

Minjarnar sem um ræðir eru nr. GK: B1 og GK: B17.

Ég læt líka fylgja með mynd af líklegri útfærslu mislægu vegamótanna við Lækjarbotna og Geirland. Með því að tengja Waldorfsskóla við þau vegamót (um umræddan hliðarveg) opnast fyrir vinstri beygjur að og frá skólanum.

Vegagerðin óskar eftir umsögn Umhverfisstofnunar um framkvæmdir við hliðarvegi í Lækjarbotnum (sunnan Suðurlandsvegar) sem ekki eru sýndir í matsskýrslu frá árinu 2009 en koma fram á meðfylgjandi yfirlitsmyndum.

Vinsamlegast komið erindinu áfram á þann sem málið varðar.

Bestu kveðjur,



Helga Jóna Jónasdóttir

Verkefnastjóri
Framkvæmdadeild

hjj@vegagerdin.is

Project Manager
Construction

+354 522 1087

+354 842 4701

Vegagerðin
Icelandic Road and
Coastal Administration

Borgartún 5-7, 105 Reykjavík
vegagerdin.is